

Rannsóknir á vatnasvæðum Laxár og Fáskrúðar í Dölum 1993

Janúar 1994

Inngangur

Vorið 1993 var óvenju kalt og má segja að sumarkoma hafi verið 2-3 vikum seinni en í meðalári. Þess vegna var fyrsta ferðin ekki farin fyrr en í lok júní. Stangveiði hófst viku seinna en venja hefur verið í Laxá en þrátt fyrir það fór hún mjög hægt af stað. Greinilegt var að laxinn var seinna á ferðinni en í meðalári. Þetta gildi reyndar um flestar ár landsins. Tengsl eru milli vorkomu og því, hvenær fyrstu laxar fara að ganga. Í köldum vorum ganga seiðin seinna til sjávar og laxarnir koma þá seinna úr sjó. Einnig sýnt sig að ef seiði ganga seint til sjávar, skila þau sér illa síðar. Með öðrum orðum: Í kjölfar árs með seina sumarkomu fylgir gjarnan lélegt laxveiðiár. Þetta sást t.d. mjög greinilega árin 1979 og 80, en 1979 var eitt kaldasta sumar á öldinni.

Vatnavextir í maí

Í byrjun maí varð mikið úrfelli í Dölum. Því fylgdu gríðarlegir vatnavextir og mátti sjá ummerki þeirra í flestum ám á svæðinu. Margar ár urðu illa úti. Af þeim ám sem við höfum skoðað, hefur Þverá, sem rennur í Fáskrúð, orðið hvað verst úti. Þar hvarf árbotninn, sem hafði verið 2 m þykkur, á stóru svæði svo ekkert varð eftir nema ber klöppin. Að sögn fór Fáskrúð alveg upp að gólfi á gömlu brúnni og í Laxá í Dölum mátti sjá far eftir flóðið um 2 m ofan við eðlilegt hæsta vatnsborð. Skoðun á Þverá allri og svæðinu ofan við Miðvatn, sýndi að mikið hafði gengið á uppi á heiðinni. Rnuðningar, laust torf og malarbingir voru um allt. Sums staðar hafði orðið mikið rask einkum þar sem þrengingar voru í ánum og landinu hallaði. Annars staðar sáust litlar breytingar t.d. virtist Þverá vera óskemmd að mestu neðan Neðstavatns, nema í gljúfrunum neðst. Neðan Miðvatns hafði allt lausagrjót sópast burtu úr ánni niður fyrir fossana, kaflinn þaðan niður að Neðstavatni virtist að mestu óskemmdur. Laxaseiði hafa drepist í stórum stíl þar sem botninn hefur horfið, þar sem grjótið hélst hafa þau komist betur af. Ljósmyndir af ummerkjum vatnavaxtanna fylgja með þessarri skýrslu.

Aðferðir

Veitt var með rafmagni á völdum stöðum. Farin var ein yfirferð á 50-150 fermetra svæði. Stærð svæðisins réðist af afla þar sem tilgangur veiðanna var að fá upplýsingar um aldur og vöxt seiðanna. Tölur um fjölda veiddra seiða gefa því ekki alveg rétta mynd af þéttleika þeirra. Hlutföll milli aldurshópa eru nokkuð marktæk þar sem flest veidd seiði voru mæld.

Hreistri var safnað úr afla í veiðihúsum Laxár og Fáskrúðar. Þau voru pressuð á plastplötur og lesin í filmulesara. Ástæða þykir að minnast á hve hreistrin úr Fáskrúð voru auðunnin þar sem þau voru alveg laus við slím. Vel hefur verið staðið að söfnun þeirra og ber að þakka Agli Benediktssyni sérstaklega fyrir vönduð vinnubrögð.

Niðurstöður

Niðurstöður allra seiðaveiða eru sýndar í Viðauka bls. 8. Niðurstöður úr lestri hreistursýna eru í töflum í texta.

Tafla 1. Niðurstöður úr seiðaveiðum í Laxá sumarið 1993. Taflan sýnir meðallengd (sm) aldurshópa á mismunandi stöðum og tíma. Fjöldi veiddra seiða í sviga.

Staður og dagsetning	Aldur:	0	1	2	3	4
Sólheimafoss 28/6			4.5 (1)	7.1 (6)	8.9 (9)	
Kristnipollur 27/6			4.6 (10)	7.1 (8)	9.7 (1)	
3/9	3.7 (22)	5.9 (15)	9.4 (5)			
Leiðólfsstaðakvörn 3/9	3.9 (6)	6.4 (6)	9.2 (6)	10.8 (1)		
Brú 26/6		4.6 (13)	7.1 (9)	8.7 (6)		
17/7		5.4 (3)	7.6 (5)	8.9 (5)	9.5(1)	
3/9	3.9 (15)	5.8 (7)	8.0 (7)	9.0 (3)		

Vatnasvæði Laxár

Laxá

Lengd laxaseiða í Laxá á mismunandi stöðum og tímum er sýnd í töflu 1, bls 1.


Lengd eins árs seiða í júnílok er sú sama á öllum stöðvum, 4,6 sm. Einungis eitt eins árs seiði fannst á stöðinni neðan við Sólheimafoss, annars staðar var nóg af þeim. Í byrjun september eru eins árs seiðin orðin 5,8-6,4 sm.

Tveggja ára seiðin eru alls staðar jafn stór í byrjun sumars, 7,1 sm og 8,0-9,4 sm að hausti, vöxturinn nokkuð minni niður við brú en ofar í ánni. Fá þriggja ára seiði veiddust um miðbik árinna svo ætla má að seiði af þeim stöðum sem veitt var á fari til sjávar eftir þriðja vetur.

Á mynd 1 má sjá vöxtinn á seiðunum yfir sumarið við brúna neðst í ánni. Þar má sjá að minnstu seiðin vaxa hraðast, en það dregur úr vexti því stærri sem seiðin eru. Þriggja ára seiðin eru komin yfir 9 sm lengd að hausti, nokkuð sem þýðir að þau eru orðin nógu stór til þess að geta gengið út næsta vor.

Tafla 2, bls 3. sýnir stærð seiða í sumarbyrjun við neðstu brúna á Laxá og fyrir neðan Sólheimafoss árin 1988-1993, Á myndum 2 og 3, bls 3 og 4, hafa tölurnar úr töflu 2 verið settar á myndrænt form.

Vöxtur seiðanna 1993 var svipaður og hann hefur verið undanfarin ár. Fjöldi fiska er svipaður frá ári til árs, hvort tveggja bendir til stöðugleika á tímabilinu. Stofninn virðist í þokkalegu jafnvægi, seiðafjöldi er alltaf nægjanlegur, jafnvel of mikill, og vöxturinn þess vegna minni en hann gæti verið miðað við næringarstig árinna og árferði. Þetta hefur verið sagt áður. Áin þjáist ekki af seiðaskorti, þvert á móti eru þau of mörg, þannig að það kemur niður á vexti þeirra og viðgangi.



Skeggjagil

Veitt var í Skeggjagili talsvert ofan við Hvítfoss, á svipuðum stað og áður. Talsvert fannst af seiðum af tveimur stærðarflokkum eins og tveggja vetra gömlum. Flestum smærri seiðanna var sleppt. Vöxtur er mjög góður, tveggja ára seiðin voru 10-11 sm en ætla má að stærri seiði hafi þegar verið gengin út. Seiðin veiddust í slumpum og hefði mátt dreifa þeim betur. Svæðið þolir meira af seiðum en hingað til hefur verið sett á það og mætti auka sleppinguna um helming.

Talsvert fannst af seiðum ofan við brúna, aðallega voru það árgömul seiði um 6 sm löng. Þeim var flestum sleppt aftur.

Veitt var neðan við brúna eftir að Laxá er komin saman við. Þar fannst nánast ekkert þrátt fyrir góðan botn. Ekki var að sjá að flóðin hefðu haft nein áhrif á Skeggjagil og ekki sáust merki um grjótf lutninga.

Sámsstaðaa

Sámsstaðaa var veidd frá læknum úr Sámsstaðavatni nokkur hundruð metra upp eftir og var farið gróft yfir. Alls staðar fundust seiði, ekki mikið en nóg til að staðfesta að mikið hefur lifað af veturinn. Aðallega fundust árgömul seiði, eitt tveggja ára seiði sem var aldursgreint var 10,8 sm svo þessi árgangur er líkleg að mestu genginn til sjávar. Greinilegt var að mikið hafði gengið þarna á í flóðunum. Botninn hefur hreyfst mikið og er nú ekki eins grýttur og hann var. Grjót hefur færst mikið niður ána og mikið borist niður fyrir fossinn. Þrátt fyrir þessi ósköp hafa seiði lifað af og er það nokkuð merkilegt.

Aldursgreining á hreistri úr Laxá

Tekin voru 68 hreisturssýni frá af fiski úr Laxá sem veiddist á tímabilinu 31. júlí til 3. september. Af þessum sýnum tókum við sjálfir 28 stk. þann 3/9. Þetta er ekki nógu gott og sýnir að hreisturstöku þarf að skipuleggja betur. Meðal annars þarf að koma í veg fyrir að veiðimenn hnýti fyrir pokana þá daga sem sýni eru tekin. Það auðveldar mjög sýnatökuna.

Niðurstöður greininga á hreisturssýnum eru sýndar í töflu 3, bls. 4. Af 68 fiskum voru 62 úr ánni en 6 voru flökkufiskar af eldisuppruna. Af fiski sem dvalið hafði tvo vetur í sjó voru tæp

Tafla 2. Lengd laxaseiða í byrjun sumars á fiskgengum hluta Laxár 1988-1993.

Við brú á Þjóðvegi

Aldur í vetrum	Sýnatökuár og dagsetning						Fjöldi fiska					
	1988 12/6	1989 7/7	1990 16/6	1991 12/6	1992 8/6	1993 26/6	88	89	90	91	92	93
1+	4.3	4.3	4.1	5.0	4.2	4.6	7	19	9	2	4	13
2+	6.0	6.8	6.1	6.4	6.8	7.1	16	21	17	17	23	9
3+	8.1	8.9	8.1	8.3	8.1	8.7	2	5	4	5	3	6


Fyrir neðan Sólheimafoss:

Aldur í vetrum	Sýnatökuár og dagsetning						Fjöldi fiska					
	1988 12/6	1989 7/7	1990 16/6	1991 12/6	1992 8/6	1993 28/6	88	89	90	91	92	93
1+	4.5	4.3	(4.1)	4.8	4.8	4.5	1	5	0	7	1	1
2+	5.9	6.1	5.7	6.4	6.9	7.1	21	10	6	2	14	6
3+	8.8	8.3	7.8	7.5	9.3	8.9	23	23	9	5	4	9
4+	9.8	11.4	10.4	9.6	10.2		7	4	5	8	1	


(Engin árgömul seiði fundust vorið 1990 og er því gildið fyrir það ár sett í sviga.

Það er lengdin sem fékkst á neðstu stöðinni það árið.)


Mynd 3. Laxá 1988-1993. Lengd laxaseiða við Þjóðvegabru í byrjun sumars.



Mynd 4. Lengd laxaseiða fyrir neðan Sólheimafoss 1988-1993.



Mynd 5. Meðallengd aldursgreindra laxa í Laxá 1991-93.



13%, allt hrygnur. Athygli vekur hve lítið var af stórum laxi. Eins árs hængar voru að meðaltali 60 sm (67 í fyrra) og eins árs hrygnur 58 sm (63 í fyrra). Þetta er lægsta meðaltal sl. þrjú ár og er sýnt nánar á mynd 5. Sama er uppi á teningnum í Fáskrúð (mynd 6).

Rúm 30% seiða höfðu dvalið 2 eða 3 ár í ánni áður en þau gengu í sjó. Þetta er mjög svipað hlutfall og fannst í fyrra. Tveggja ára sjógönguseiði eru öll af sleppiuppruna svo og hluti þriggja ára seiðanna. Ekki er hægt að sjá að hlutfall eldri seiða sé að aukast, nokkuð sem bendir til að vaxtarhraði sé eðlilegur og þar með framleiðsla. Ekki er hægt að sjá neitt úr hreistursgögnunum sem gefur til kynna að aflaminnkun megi rekja til þess að seiðaframleiðsla vatnasvæðisins hafi minnkað. Orsaka þess verður að leita annars staðar.

Tafla 3. Niðurstöður greininga á hreistri úr Laxá 1993.

Ár í ferskv.	Fj.	%	Ár í sjó	Hængar		Hrygnur		Samtals	
				Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%
2	8	11.8	1	42	67.7	12	19.4	54	87.1
3	13	19.1	2	0	0	8	12.9	8	12.9
4	30	44.1							
5	11	16.1							
Eldisfiskur	6	8.8							
Samtals:	68	100.0		42	54.4	20	32.3	62	100.0

Vatnasvæði Fáskrúðar

Fáskrúð

Lengd veiddra laxaseiða í Fáskrúð sumarið 1993 er sýnd í töflu 4, bls. 5. Áin var nokkuð vatnsmikil í jún og skilyrði því erfið til seiðaveiða. Þegar svo mikið vatn er í ánni er oft verið að veiða á svæðum sem að öllu jöfnu eru þurr og ekki er hægt að komast að svæðum sem í venjulegu sumarvatni eru góð, straumsins vegna. Sérstaklega var lítið að fá á ófiskgenga svæðinu, en þar er þéttleiki seiðanna það lítill að afli verður óverulegur þegar mikið er í ánni. Ekki fór þó milli mála að seiðin þar þrífast vel og hafa staðist flóðin í vor.

Við veiðar í júlí fundust seiði sem nýbúið var að sleppa og var þeim flestum sleppt aftur. Svo á einnig við um önnur seiði: Á ófiskgengu hlutunum voru ekki hirt nema fá seiði af hverjum

Tafla 4. Niðurstöður úr seiðaveiðum í Fáskrúð sumarið 1993. Taflan sýnir meðallengd (sm) aldurshópa á mismunandi stöðum og tíma. Fjöldi veiddra seiða í sviga.

Staður og dagsetning					
Ofan Katla *	<i>Aldur:</i>	0	1	2	3
28/6				8.4 (2)	
17/7		4.5 (2)	6.0 (5)	8.7 (3)	11.9 (2)
Neðan Katla					
17/7			4.7 (1)	7.4 (15)	10.5 (2)
Brú					
26/6			3.7 (4)	6.5 (10)	8.7 (3)
3/9		3.4 (2)	5.5 (2)	7.6 (8)	10.8(1)

* Ófiskgengur hluti (sleppiseiði)

stærðarflokkir til þess að fá upplýsingar um vöxt.

Seiðin á ófiskgenga hlutanum eru stærri en seiðin á þeim fiskgenga en það munar ekki miklu. Tveggja ára seiðin eru rúmum sm lengri en það þýðir um 60% meiri þyngd. Ber að hafa í huga að skilyrðin í Fáskrúð versna því lengra sem dregur frá sjó vegna þess að hún er dragá og hitastig í henni er vaxandi frá upptökum til ósa.

Flóðfar var greinilegt um 1m yfir venjulegu vatnsborði en ekki var að sjá að miklar breytingar hefðu orðið á botninum. Greinilegt var að lækir sem í ána falla höfðu vaxið mjög mikið enda var vegurinn talsvert skemmdur.

Tafla 5. Lengd laxaseiða við brúna á Fáskrúð í byrjun sumars 1988-1993.

Aldur í vetrum	Sýnatökuár og dagssetning						Fjöldi fiska					
	1988 12/6	1989 11/7	1990 12/6	1991 8/6	1992 26/6	1993 26/6	88	89	90	91	92	93
1+	3.7		3.8	4.0	4.2	3.7	4		4	2	10	4
2+	6.0		5.4	5.5	6.6	6.5	16		16	1	5	10
3+	8.1		7.5	6.8		8.7	12		12	7	0	3
4+				8.4	8.3				5	3		
5+					10.9					1		
6+					11.2					1		


Nánari skoðun á lækjunum leiddi í ljós að miklar hamfarir höfðu orðið í þeim. Mikill framburður var af sandi og torfi, bakkar rifnir og víða var botninn sorfinn niður í klöpp.

Stærð seiða eftir aldri við brú var svipuð og hún hefur verið. Tafla 5 sýnir stærð seiða á þessum stað að vori árin 1988-1993, og lengd 1-3 ára seiða er sýnd á mynd 6.

Þverá

Eins og getið var um hér að framan, varð þverá illa úti í vatnavöxtunum 8. maí. Við skoðuðum ána frá Miðvatni og um 2 km upp eftir, frá Miðvatni að Neðstavatni og frá Neðstavatni alla leið niður að Fáskrúð. Veitt var á ýmsum stöðum en einungis fundust þrjú laxaseiði. Tveggja ára gönguseiði á leið til sjávar fannst niður við vaðið og tvö gönguseiði, þriggja og fjögurra ára gömul, fundust rétt neðan við Miðvatn. Eitt þriggja ára gönguseiði veiddist í net í Miðvatni.

Mynd 6. Lengd 1-3 ára gamla laxaseiða við brú á Fáskrúð 1988-1993



Tafla 6. Niðurstöður greininga á hreistri úr Fáskrúð 1993.


Ár í ferskv.	Fj.	%	Ár í sjó	Hængar		Hrygnur		Samtals	
				Fj.	%	Fj.	%	Fj.	%
2	3	3.8	1	45	56.2	26	32.5	71	88.7
3	24	30.0	2	4	5.0	5	6.3	9	11.3
4	16	20.0							
5	35	43.7							
Eldisfiskur	0	0.0							
Samtals:	80	100.0		49	61.2	31	38.8	80	100.0

Hvergi fundust uppvaxandi laxaseiði en urriðaseiði fundust alls staðar þar sem veitt var. Flest voru eins árs en aðeins varð vart við tveggja ára seiði. Þessi seiði hafa staðist vatnavextina. Skemmdirnar í Þverá hafa aðallega orðið á tveimur svæðum. Í gilinu neðst í ánni. Þar er grjótið víða horfið og aðeins ber klöppin stendur eftir og fyrir neðan Miðvatn, frá um 50 m neðan óssins niður fyrir fossana en þar er nú að mestu ber klöpp. Annars staðar hefur botninn ekki rýrnað sem uppeiddissvæði þó sennilega hafi mikið farist þar af seiðum.

Aldursgreining á hreistri úr Fáskrúð

Tekin voru 80 hreistursýni frá 11. júlí til 10. september. Niðurstöður greininga á hreistursýnum eru sýndar í töflu 6. Allir 80 fiskarnir voru úr ánni, enginn flökkufiskur af eldisuppruna fannst í sýnunum. Af fiski sem dvalið hafði tvo vetur í sjó voru rúm 11%, jafnt skipt milli kynja. Eins árs hængar voru að meðaltali 61 sm (66 í fyrra) og eins árs hrygnur 60 sm (64 í fyrra). Þetta er lægsta meðaltal sl. þrjú ár og er sýnt nánar á mynd 7. Fiskar af sleppingum á ófiskgeng svæði greindust 29 eða 36%. Það er svipað hlutfall og árið 1992.

Mynd 7. Meðallengd aldursgreindra laxa í Fáskrúð 1993.



Seiðamerkingar

Haustið 1992 var um 200 merktum seiðum sleppt í Laxárvatn. Seiðin voru af náttúrulegum stofni Laxár og þeim var safnað í tengslum við rannsóknir. Safnað var saman þeim seiðum sem veiddust við rafveiðar og voru stærri en 7 sm, þau merkt með örmerkjum og sleppt í vatnið. Hluti seiðanna hefur gengið til sjávar vorið 1993 og er hægt að búast við fyrstu endurheimtum vorið 1994. Haustið 1993 var sett af stað sérstakt verkefni til þess að reyna að meta áhrif hafbeitarstöðvarinnar í Hraunfirði á laxagöngur við Hvammsfjörð og nágrenni. Veidd voru náttúruleg seiði, nægilega stór til þess að þau gangi til sjávar vorið 1994, í nokkrum ám í Dölum og á Fellsströnd, Seiðin voru merkt jafn óðum og sleppt aftur þar sem þau höfðu veiðst. Þetta er gert til þess að kanna hvort og hvar seiðin koma fram sem fullorðnir laxar. Notuð eru náttúruleg seiði vegna þess að álitnið er að þau villist minna en eldisseiði og eigi þar með að gefa sannari og mynd af nýtingu umræddra laxastofna.

Í Laxá voru merkt um 1000 seiði, svipað magn í Haukadalsá og um 1000 seiði í öðrum ám í Dölum, alls um 3000 seiði. Ákvörðun um merkingu var tekin mjög seint og verkið hófst ekki fyrr en í byrjun október og því lauk um miðjan mánuðinn. Skilyrði voru þess vegna erfið, árnar

kaldar og jafnvel frosnar að hluta til. Þarna mátti engu muna, nokkuð sem ætti að kenna mönnum að taka ákvarðanir í tíma, því kerfið er oft þungt í vöfum.

Verkefnið var kostað af Fiskræktarsjóði og er ekki vitað annað en að því verði haldið áfram, enda vart verjandi að hætta á þessu stigi eftir að hafa varið fé til þess sl. haust. Að okkar mati þarf einnig að merkja sjógönguseiði á útleið, þar sem afföll af seiðum merktum að hausti eru óþekkt. Haustmerkingar eru eigi að síður mjög áhugaverðar því þær, ásamt merkingum gönguseiða, gefa hugmynd um afföllin og raunverulegt seiðamagn í ánum sé rétt að þeim staðið. Það yrði veruleg og mikilsverð viðbót við þá þekkingu á vistfræði seiða í ánum sem nú er fyrir hendi. Slíkt yrði verulegt stökk í nýtingarmálum ána og það er raunar gagnrýni vert að ekki skuli hafa verið unnið meira að grundvallarrannsóknunum á þessu sviði.

Það hefur úrslitaáhrif á þetta verkefni hversu vel verður fylgst með endurheimtum næstu árin. Það þarf að skoða sérstaklega hvern einasta veiddan lax á svæðinu, líkt og gert hefur verið í Miðfjarðará undanfarin ár. Öðruvísi verða niðurstöður ekki marktækar og afar áriðandi er að hefja undirbúning nú þegar svo þetta verði framkvæmt strax í sumar. Það má ekki gerast að þetta verkefni koðni niður vegna skipulagsleysis og ónógs undirbúnings.

Þróun afla síðustu ár

Afli í ám í Dölum var árið 1993 einhver sá lélegasti í seinni tíð. Í Laxá veiddust 929 fiskar 1993, 1124 árið 1992 og 1227 fiskar 1991. Auk þess mun hafa verið minna af fiski eftir í ánni að loknum veiðitíma 92 og 93 en árin þar á undan. Þetta hefur þó ekki valdið því að seiði hafi skort í ána eins og fram kemur annars staðar í þessarri skýrslu.

Í Fáskrúð veiddust 212 laxar 1993, 330 1992 og 183 1991. Árið 1992 varð vart við árangur af sleppingum á ófiskgeng svæði, þegar um 40% aflans voru af slíkum uppruna. Svipað hlutfall var í veiðinni 1993. Aflaaukninguna 1992 má sennilega rekja til viðbótar seiðaframleiðslu frá ófiskgengum svæðum. Því hefði mátt búast við að aflinn 1993 yrði ekki minni en hann var 1992, að öðrum þáttum óbreyttum. Svo varð ekki.

Ekkert hefur komið fram í rannsóknum undanfarinna ára sem bendir til þess að gönguseiðaframleiðsla ána hafi minnkað. Þvert á móti, aldur gönguseiðanna hefur verið að lækka, nokkuð sem bendir til hraðari vaxtar og aukinnar framleiðslu, auk þess sem best hafa við seiði alin upp á ófiskgengum svæðum. Sérstaklega á þetta við um Fáskrúð þar sem ófiskgeng svæði eru hlutfallslega miklu stærri en í Laxá og vissa er fyrir því að um 40% göngunnar þar eru af slíkum svæðum. Einnig urðum við varir við óvenju mikið af seiðum á niðurleið vorið 1991, en það er þó ekki alveg marktækt þar sem seiðin hafa oft verið byrjuð að ganga niður þegar fyrsta rannsóknarferð hefur verið farin á vorin. Skýringa verður að okkar mati að leita annars staðar er í framleiðsluskilyrðum ána.

Hér að framan var bent á að meðalþyngd laxa úr sjó sumarið 1993 var með minnsta móti. Það endurspeglar væntanlega léleg sjávarskilyrði 1992. Meðalþyngd fiska í afla 1992 var hins vegar eðlileg en veiðin í Laxá a.m.k. var í lægri kantinum, nokkuð sem er ekki alveg hægt að skrifa á léleg veiðiskilyrði því lítið var af laxi í ánni eftir veiðitíma.

Margir hafa viljað kenna hafbeitarstöðinni í Hraunsfirði um aflaleysið. Um það skal ekkert fullyrt enda höfum við ekki séð nein gögn sem gætu rennt stoðum undir þá fullyrðingu. Þrátt fyrir að þessi orðrómur hafi verið á kreiki í a.m.k. tvö ár virðist afar lítið hafa verið gert til þess að komast nær þeirri tilgátu eða hafna henni. Heyrst hefur að einhverjum gögnum hafi verið safnað, m.a. hreisturssýnum úr Hraunsfirði, en þau hafa ekki verið gerð opinber.

Það er nú fyrst að áður nefndu verkefni hefur verið hleypt af stokkunum að eitthvað er gert í raun. Það er á valdi veiðifélaga á svæðinu að sjá til þess að verkefnið verði klárað, jafnvel aukið, ef takast á að komast til botns í því máli.

VIÐAUKI

Gagnasafn, Vatnasvæði Laxár í Dölum og Fáskrúðs 1993**A) Vatnasvæði Laxár****Laxá neðan við Sólheimafoss, 28/6 1993**

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
1	9,9		19,0		3	7,5	13,0	18,0				0,52
2	9,0		16,5		3	7,0	12,5	16,5				0,55
3	9,2											
4	9,1											
5	9,3											
6	9,0		17,5		3	8,0	13,5	16,5				0,51
7	9,0											
8	8,5		16,5		3	7,0	13,0	16,0				0,52
9	8,3											
10	8,2											
MT:	8,9		17,4			7,4	13,0	16,7				0,52
11	7,8		13,0		2	8,0	12,0					0,60
12	7,4											
13	6,9		13,0		2	8,0	12,0					0,53
14	6,9				2							
15	7,0											
16	6,8											
17	7,0											
MT:	7,1		13,0			8,0	12,0					0,57
18	4,5				1							

Laxá, Leiðólfstaðakvörn, 3/9 1993

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
1	10,8		19,0		3	7,5	12,5	17,0				0,57
2	10,0		17,0		2	9,5	13,5					0,59
3	9,6		17,5		2	9,5	14,5					0,55
4	9,5											
5	9,0											
6	8,4											
7	9,0											
MT:	9,2					9,5	14,0					0,57
10	6,1				(1)							
11	6,5											
12	6,8											
13	6,2											
14	6,6											
15	6,1											
MT:	6,4											
16	3,5				(0)							
17	4,1											
18	4,0											

19 4,7
 20 3,5
 21 3,5
 MT: 3,9

Laxá, neðan við Kristnapoll, 27/6 1993

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	LK1	LK2	LK3	LK4	LK5	LK6	L/Kvl
1	9,7		18,0		3	7,0	12,5	16,5				0,54
2	7,5		13,5		2	8,0	13,0					0,56
3	7,7											
4	7,4											
5	7,1											
6	7,0											
7	6,9											
8	7,0											
9	7,0											
10	6,7		12,5		2	8,5	12,0					0,54
MT:	7,1		13,0			8,2	12,5					0,55
11	5,3		8,0		1	7,0						0,66
12	5,1		8,0		1	7,0						0,64
13	4,8											
14	4,8											
15	4,6											
16	4,5											
17	4,5											
18	4,6											
19	4,4											
20	3,8											
MT:	4,6					7,0						0,65

Laxá, neðan við Kristnapoll, 3/9 1993

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
1	11,2		17,5		2	9,0	14,0					0,64
2	9,5											
3	9,4											
4	8,8											
5	8,2											
MT:	9,4					9,0	14,0					0,64
6	5,5				(1)							
7	6,7											
8	6,6											
9	6,2											
10	6,1											
11	6,2											
12	6,0											
13	6,3											
14	5,7											
15	6,0											
16	6,1											
17	5,6											
18	6,0											
19	5,2											

20 5,0
MT: 5,9

21 3,8 (0)
22 3,8
23 3,5
24 3,5
25 3,6
26 3,6
27 3,8
28 4,0
29 3,5
30 3,8
31 3,4
32 4,0
+10 stk 0+
MT: 3,7

Laxá við brú, 26/6 1993

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
1	9,2		18,0		3	7,0	12,5	17,0				0,51
2	8,7											
3	8,8		17,0		3	8,0	12,5	16,0				0,52
4	8,5											
5	8,3		17,0		3	7,5	12,5	16,0				0,49
6	8,5											
MT:	8,7		17,3			7,5	12,5	16,3				0,51
7	8,1		13,0		2	9,0	12,0					0,62
8	7,6											
9	7,5		12,0		2	7,5	11,5					0,62
10	7,0											
11	6,9											
12	6,8											
13	7,0		13,0		2	8,0	12,0					0,54
14	6,7											
15	6,4											
MT:	7,1		12,7			8,2	11,8					0,60
16	4,8				1							
17	4,7											
18	4,5											
19	4,6											
20	4,7											
21	4,8											
22	4,7											
23	4,5											
24	4,8											
25	4,3											
26	4,1											
27	4,5											
28	4,3											
MT:	4,6											

Laxá við brú, 17/7 1993

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
2	9,5		20,5	1,3	4	7,0	11,5	16,0	19,0			0,46
1	10,1		17,0		3	7,0	11,5	16,0				0,59
3	9,3											
4	8,7				3							
5	8,7											
6	8,5											
7	8,4											
MT:	8,9											
8	8,3		15,0		2	8,5	13,0	15,0				0,55
9	7,9											
10	7,5											
11	7,5											
12	6,8				2							
MT:	7,6											
13	5,6											
14	5,3											
15	5,3		9,0		1							
MT:	5,4											

Laxá við brú 3/9 1993

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
1	8,8				(3)							
2	9,5											
3	8,6											
MT:	9,0											
4	8,0				(2)							
5	8,4											
6	8,0											
7	7,9											
8	8,7											
9	7,7											
10	7,4											
MT:	8,0											
11	6,2				(1)							
12	5,6											
13	5,8											
14	6,0											
15	6,0											
16	5,8											
17	5,3											
MT:	5,8											
18	4,0				(0)							
19	4,1											
20	4,0											
21	4,1											

22 4,0
 23 3,1
 24 3,8
 25 3,9
 26 3,6
 27 4,2
 28 4,1
 29 4,2
 30 4,0
 31 3,7
 32 3,9
 MT: 3,9

Skeggjagil ofan Hvítfoss 17/7 1993

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
1	10,6		18,5		2	11,5	17,5					0,57
2	10,0											
MT: 10,3												

3	9,0		13,0		1	12,0						0,69
4	7,0											
5	7,0		12,0		1	11,0						0,58
6	7,1											
7	7,0											
8	6,0											
9	6,3											
10	5,5											
MT: 6,9 12,5 11,5 0,64												

Skeggjagil við brú, 17/71993

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
1	10,3		18,0	S	3	8,0	13,0	17,0				0,57
2	6,2											
3	6,0		10,0		1	9,0						0,60
4	5,6											
5	5,7											
MT: 5,9												

Sámsstaðaa, 3/9 1993

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
1	10,8		21,0	1,0	2	12,0	17,5					0,51
2	8,9		15,0		1	12,0						0,59
3	7,5											
4	7,5											
5	7,5											
6	6,8											
7	6,6											
MT: 7,5												

B) Vatnasvæði Fáskrúðar**Fáskrúð við brú 26/6 1993**

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	LK1	LK2	LK3	LK4	LK5	LK6	L/Kvl
1	9,0		16,0		3	6,0	12,0	15,0				0,56
2	8,8											
3	8,3				3							
MT:	8,7											
4	7,1		13,0		2	7,5	11,5					0,55
5	6,8											
6	6,9		13,0		2	7,5	12,0					0,53
7	6,9											
8	6,5											
9	6,2		11,5		2	7,0	11,0					0,54
10	6,2											
11	6,0											
12	6,3		11,5		2	7,5	11,0					0,55
13	6,0											
MT:	6,5		12,2			7,4	11,4					0,54
14	3,9				(1)							
15	3,7											
16	3,7											
17	3,7											
MT:	3,7											

Fáskrúð við brú 3/9 1993

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
1	10,8		19,0		3	6,5	11,0	16,0				0,57
2	8,2		15,0		2	7,0	11,5					0,55
3	8,0		14,0		2	7,0	12,0					0,57
4	7,3		12,5		2	7,0	10,5					0,58
5	7,7											
6	7,7											
7	7,0											
8	7,8											
9	6,8											
MT:	7,6		13,8			7,0	11,3					0,57
10	5,8				(1)							
11	5,2											
MT:	5,5											
12	3,8				(0)							
13	3,0											
MT:	3,4											

Fáskrúð, neðan Katla, veiðist. 24, 17/7 1993

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
1	8,0				2							
2	7,8											
3	7,6											

4	7,0	13,0	2	7,5	11,5	0,54
5	6,9					
6	6,5					
7	6,1					
MT:	7,1					
8	4,7		(1)			

Fáskrúð, neðan Katla, ofar, 17/7 1993

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
1	11,1		19,0	13	3	6,0	13,0	18,0				0,58
2	10,0		17,0	0	3	6,0	12,0	16,0				0,59
MT:	10,6		18,0			6,0	12,5	17,0				0,6
3	8,5		14,0		2	8,0	13,0					0,61
4	8,0											
5	7,8											
6	7,5											
7	7,6											
8	7,3				2							
9	7,0		12,0		2	7,0	11,0					0,58
10	7,0											
MT:	7,6		13,0			7,5	12,0					0,60

Fáskrúð, 1 km ofan Katla 28/6 1993

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
1	8,7		14,0		2	10,0	14,0					0,62
2	8,0		14,0		2	10,0	14,0					0,57
MT:	11,9		20,0			9,5	16,0	18,5				0,59

Fáskrúð, ofan Katla 17/7 1993

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
1	13,0		21,0	S01	3	9,0	16,0	19,0				0,62
2	10,8		19,0		3	10,0	16,0	18,0				0,57
MT:	11,9		20,0			9,5	16,0	18,5				0,59
3	9,7			01	2							
4	8,7		16,0		2	11,0	15,0					0,54
5	7,8											
MT:	8,7											
6	6,4											
7	6,2											
8	6,0		12,0		1	11,0						0,50
9	5,8											
10	5,6											
MT:	6,0											
11	4,5				(0)							
12	4,5											

Þverá ofan ræsis 26/6 1993

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
1	11,6		18,0	S01	2	11,5	16,5					0,64

Þverá 100 m neðan Miðvatns 26/6 1993

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	Fl
1	12,5		22,0	S11	4	9,5	12,5	17,0	20,5			0,57
2	12,2		23,0	S11	3	10,5	17,0	22,0				0,53

Miðvatn 27/6 1993

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	Fl
1	15,0		23,0	01	3	9,5	16,5	22,0				0,65

URRIÐI:**Þverá neðan Neðstavatns 27/6 1993. Urriði**

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	L/Kvl
1	7,0		13,0		1	8,0						0,54
2	6,6											
3	5,5		10,0		1	9,0						0,55

Þverá ofan Miðvatns 27/6, Urriði

No	Fl	Þyn	Kvl	Kyn	Aldur	Lk1	Lk2	Lk3	Lk4	Lk5	Lk6	Fl
1	7,3		13,5		2	8,0	13,0					0,54
2	5,0		8,5		1	8,0						0,59
3	5,3											
4	4,5											
5	5,0											

Skýringar:

MT: Meðaltal.

No: Númer sýnis.

Fl: Fisklengd, mæld í sporðsýlingu.

Þyn: Þyngd í g.

Kvl: Kvarnarlenggd, ótiltekinn mælikvarði.

Lk1.2.3...6: Lengd kvarnar við 1., 2., 3., ...6. vetur.

L/kvl: Fisklengd/ kvarnarlengd.

S: Gönguseiði.

0: Hrygna.

1: Hængur.

Aldurstölur án sviga tákna aldursgreiningu með kvarnalestri.

Aldurstölur í sviga tákna aldursgreiningu frá lengdardreifingu.